

Kæru Grundfirðingar og aðrir gestir,

Það er mér heiður að flytja hátíðarræðuna hér í dag. Eins og flestir kannski vita heiti ég Ingibjörg Eyrún og er fædd og uppalin hér í Grundarfirði. Ég hef búið hér mest allt mitt líf og hér vil ég bara vera. Á mínum yngri árum var ég alltaf virk í íþróttastarfi og held ég að ég hafi æft flest allar íþróttir sem í boði voru ásamt því að stunda nám í tónlistarskólanum. Þeir sem þekkja mig vita að ég hef alltaf kunnað best við mig þegar ég hef mikið að gera – þannig er ég bara. Þegar ég kláraði grunnskólann var boðið upp á fjarnám hér þar sem bæjarskrifstofan er í dag, þar var ég í fjarnámi frá VMA fyrsta árið mitt þangað til FSN tók til starfa. Það eru forréttindi að geta klárað stúdentspróf í sínum heimabæ og er ég þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess. Eftir að því lauk flutti ég suður ásamt manni mínum þar sem ég hóf kennaranám og Runólfur hóf nám í Vélskólanum og síðan Stýrimannaskólanum. Við kláruðum námið okkar og ákváðum að flytjast aftur heim þar sem við gátum ekki hugsað okkur betri stað til þess að stofna fjölskyldu en í Grundarfirði. Að alast upp við aðstæður þar sem allir þekkja alla er að mínu mati meiri kostur en galli, þar sem allir passa upp á alla. Hér þarf maður ekki að hafa áhyggjur af börnunum sínum úti að leika þar sem maður fær símhringingar eða skilaboð ef barnið er úti að hjóla án hjálms, ef barnið meiðir sig og allir boðnir og búnir að aðstoða – það er ekki sjálfgefið.

Eins og margir vita hef ég verið virk í íþrótt- og æskulýðsmálum og er það málefni sem ég brenn fyrir. Ég sat í íþrótt- og æskulýðsnefnd í 4 ár og þegar að ég hætti þar bauðst mér að koma inn í stjórn Ungmennafélagsins og hef setið í stjórn síðan, fyrst sem gjaldkeri og síðan sem formaður og nú nýráðinn framkvæmdarstjóri. Það er dásamlegt að taka þátt í starfi sem þessu og hafa með sér frábæra sjálfboðaliða sem eru alltaf boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum. Það eru fjölmörg verkefni sem Ungmennafélagið hefur staðið fyrir og nýjasta verkefnið okkar er Píludeild UMFG. Við fengum þessa hugmynd á haustmánuðum og nú í dag erum við á lokametrinum að klára aðstöðuna sem verður hin glæsilegasta og hlökkum við til að geta tekið á móti ykkur öllum, því þarna verður bæði boðið upp á fullorðinsstarf og barnastarf. Þetta verkefni hefur að mestu verið unnið í sjálfboðaliðastarfi og nánast allur búnaður og framkvæmdir verið gerðar fyrir styrki frá bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Ég er ekki viss um að verkefni sem þetta hefði gengið í mörgum sveitarfélögum. En hér erum við í

blússandi blóma. Íþróttastarfið hefur sjaldan verið öflugra og það hefur verið gaman að fylgjast með iðkendum félagsins blómstra á ýmsum vettvangi. Blakdeildin hefur sjaldan verið jafn sterk og fögnum við því að eiga unga dömu í landsliðinu í blaki, ásamt öllum þeim fjölmörgu hæfileikaríku iðkendum sem eru sífellt að bæta sig. Við héldum í fyrsta sinn Íslandsmótið í blaki nú í vor en það hefði ekki verið hægt án allra fjölmörgu sjálfboðaliðanna sem lögðu hönd á plóg við eldamennsku, sjoppuvaktir, skólavaktir og svo margt fleira. Það hefur sýnt sig og sannað að ungmennafélagsandinn er sannarlega enn til staðar hér í firðinum fagra.

Þar sem ég starfa mikið í kringum börn og ungmenni þá langar mig að segja ykkur að við getum verið stolt af þessum flottu krökkum sem skara fram úr á svo margan hátt. Þau eru kurteis, elska ekkert meira en að gera eitthvað skemmtilegt saman og eiga framtíðina fyrir sér í leik og starfi. Framtíðin hér í Grundarfirði er björt en við þurfum að halda áfram að byggja upp öflugt starf og félagslíf fyrir börn og ungmenni til þess að þau sjái fyrir sér að búa hér í framtíðinni, þá skiptir fjölbreytt atvinnulíf einnig máli. Höldum áfram að standa saman, hugsum um börnin og ungmenninn okkar og þá munum við blómstra.

Takk fyrir mig!